

117
21. nóv.

ÓPIÐ BRÉF RÍKISSTJÓRA ÍSLANDS

um þingslit.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég hef ákveðið, að aukafundi Alþingis, 58. löggjafarþingi, skuli slitið föstudaginn 21. nóvember 1941.

Mun ég því slita Alþingi þann dag.

Gjört í Reykjavík, 21. nóvember 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

118
9. des.

REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 8 frá 9. okt. 1912.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Samkvæmt tillögum kennslumálaráðuneytisins hef ég staðfest reglugerðarviðauka þennan með samþykki mínu.

1. gr.

Allir skrásettir stúdentar eru skyldir að leggja stund á leikfimi og sund fyrstu 4 kennslumisseri.

Í leikfimi skulu stúdentar hafa sótt 80 kennslustundir.

Í sundi skulu stúdentar hafa sótt 40 kennslustundir. Auk þess skulu þeir hafa leyst af hendi prófraun sem hér segir: a) 200 m bringsund, b) 25 m björgunarsund með mann, kunna leysitök, lífgunaraðferðir og dýfingar úr 1—2 m hæð.

Áður en stúdent segir sig til embættisprófs skal hann leggja fram skilríki fyrir því, að hann hafi samvirkusamlega tekið þátt í leikfimi og sundæfingum og lokið prófraun þeirri, sem getið er um að framan.

Undanþegnir þessum ákvæðum eru þeir stúdentar einir, sem sýnt geta vottorð frá lækni háskólans, að þeir séu eigi færir til íþróttaiðkana.

Þetta tilkynnist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Gjört í Reykjavík, 9. desember 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.